

## Aðgerðir vegna niðurskurðar fjárveitinga til Háskóla Íslands

### samþykktar í háskólaráði 17. desember 2010

Á fundi háskólaráðs 17. desember 2010 var fjallað um neðangreindar tillögur fjármálanefndar háskólaráðs um aðgerðir vegna niðurskurðar fjárveitinga til Háskóla Íslands. Samþykkti háskólaráð tillögurnar með eftirfarandi breytingum:

Liður 1: Stúdentar fái fulltrúa í starfshópnum um aðgangstakmarkanir.

Liður 2: Háskólinn beiti sér fyrir því að skrásetningargjöld við Háskóla Íslands verði lánshæf hjá LÍN.

Liður 3: Almenn stjórnunarskylda lektora, dósentna og prófessora í fullu starfi við Háskóla Íslands lækkar úr 12% í 6%. Jafnframt hækkar kennsluskylda tímabundið um sex prósentustig. Hækkun kennsluskyldunnar tekur gildi 1. júlí 2011 og verður endurskoðuð eigi síðar en í árslok 2011, í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012, eða fyrr ef aðstæður leyfa. Jafnframt verði komið lengra en gert hefur verið til móts við þá sem sinna helstu stjórnunarstörfum innan háskólans með lækkun kennsluskyldu eða annarri umbun. Þá er rektor falið að skipa starfshóp sem, í samráði við kjarafélög kennara, hefur það hlutverk að gera tillögu til háskólaráðs um skilgreiningu á stjórnunarhluta starfs akademískra starfsmanna og hvernig umbuna skal fyrir hann.

---

### Tillögur fjármálanefndar til háskólaráðs Háskóla Íslands um aðgerðir vegna niðurskurðar fjárveitinga til skólans, dags. 17. desember 2010

Árið 2011 verður þriðja árið í röð þar sem Háskóli Íslands tekst á við niðurskurð fjárveitinga þrátt fyrir stóraukinn nemendafjölda undanfarin ár. Það mun því reyna verulega á innviði skólans á næstunni. Ljóst má vera að erfitt er að ná algerrí sátt um hvernig fást skuli við boðaðan niðurskurð. En jafn ljóst er að miklu skiptir að allir leggist á eitt og að sem mest sátt og samstaða náist innan háskólasamfélagsins. Þannig verður mun auðveldara að komast í gegnum það sem framundan er.

Árið 2011 verða fjárveitingar til Háskóla Íslands skornar niður um 475 m.kr. miðað við árið 2010. Gera má ráð fyrir að um 1.000 nemendur verði við nám við skólann án þess að þeim fylgi fjárveiting vegna kennslu. **Samkvæmt tillögum fjármálanefndar háskólaráðs er flestum einingum innan háskólans gert að kljást við 5,7% niðurskurð.** Fyrir liggur að til þess að ná þessu þarf að taka erfiðar ákvarðanir.

Undanfarin tvö ár hefur niðurskurði fjárveitinga háskólans einkum verið mætt með lækkun launa hjá starfsfólki í stjórnslu- og stoðþjónustu, endurskipulagningu og auknu álagi í kennslu, auknu aðhaldi í veitingu rannsóknamissara og ferða á ráðstefnur, hægari endurnýjunar á tækjum og búnaði og aukins aðhalds í rekstri skólans almennt. Bæði árin hefur verið lögð áhersla á að verja nám og störf eins og kostur er.

Eins og að ofan greinir er flestum einingum innan háskólans gert að kljást við um 5,7% niðurskurð árið 2011. Hér á eftir fara tillögur fjármálanefndar um einstakar aðgerðir vegna niðurskurðarins.

### 1. Aðgangstakmarkanir

Unnin verði áætlun um hvernig staðið skuli að aðgangstakmörkunum í Háskóla Íslands sem unnt verði að hrinda í framkvæmd ef ljóst þykir að fjöldi nemenda sæki um nám umfram hámarksfjölda nemendaígilda sem greitt er fyrir.

**Skýring:** Undanfarin ár hefur mikill fjöldi nemenda lagt stund á nám við Háskóla Íslands án þess að því hafi fylgt tilsvareandi fjárveiting til kennslu. Á yfirstandandi ári eru þetta um 1.000 nemendur. Þetta veldur miklu álagi á starfsfólk, auk verulegs kostnaðar vegna húsnæðis, skipulagningar kennslu og margvíslegrar þjónustu. Við þetta verður ekki lengur unað.

### 2. Hækkun skrásetningargjalds

Ítrekuð verði ósk Háskóla Íslands og annarra ríkisháskóla um hækkun skrásetningargjalds.

**Skýring:** Skrásetningargjaldið hefur verið óbreytt 45.000 kr frá árinu 2005. Ósk ríkisháskólanna um hækkun skrásetningargjalds árið 2011 hefur verið hafnað þrátt fyrir að tölur úr bókhaldi Háskóla Íslands sýni að varið sé um 65.000 kr./nemanda á ári í þá liði sem skrásetningargjaldinu er ætlað að standa straum af. Miðað við verðlagsforsendur fjárlaga frá árinu 2005 ætti skrásetningargjaldið nú að nema um 70.000 kr.

### 3. Fækkun stöðugilda, taka lífeyris, lækkun starfshlutfalls, uppsagnir

Yfirmenn eininga eru hvattir til að ræða við þá sem rétt hafa á töku lífeyris um möguleg starfslok og/eða minnkað starfshlutfall eftir því sem kostur er.

Í tilvikum þar sem grípa þarf til uppsagna í tiltekinni skipulagseiningu vegna niðurskurðar fjárveitinga skal fyrst og fremst horft til forgangsroðunar verkefna ef um stjórnvísing og stoðþjónustu er að ræða og árangur í rannsóknum og kennslu ef um akademískan starfsmenn er að ræða.

**Skýring:** Nú þegar hafa yfir 30 starfsmenn háskólans samið um breytt starfshlutfall jafnframt því sem þeir hafa hafið töku lífeyris (skv. svokallaðri 95 ára reglu). Þetta er mjög álitlegur valkostur fyrir þá sem í hlut eiga auk þess sem það léttir fjárhagslega á skólanum. Ef grípa þarf til uppsagna skal standa að þeim í nánú samstarfi við starfsmannasvið Háskóla Íslands.

### 4. Reglur vegna rannsóknamissera

Frá og með haustinu 2011 þarf 10 rannsóknastig að meðaltali á ári úr neðangreindum flokkum Matskerfis opinberra háskóla til að eiga kost á rannsóknamisseri. Flokkarnir sem um ræðir eru:

- a. A2 (bækur), þó ekki A2.4 og A2.5.
- b. A3 (bókakaflar), þó ekki A3.4.
- c. A4 (tímaritsgreinar), að undanskildum flokki A4.4.
- d. A5.1 (greinar í alþjóðlegum ráðstefnuritum).

**Skýring:** Rannsóknamisseri eru breyting á starfsskyldum, sem felur í sér tímabundna lausn frá kennslu í því skyni að gera kennurum kleift að einbeita sér að alþjóðlegum samskiptum og rannsóknum. Rannsóknamisseri kennara eru afar mikilvægur þáttur í að styrkja tengsl Háskóla Íslands við erlenda háskóla og rannsóknastofnanir um leið og þau stuðla að aukinni rannsóknavirkni kennara. Það er háskólaráði því kappsmál að kennarar eigi reglulega kost á slíku misseri. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að auka enn frekar aðhald í rekstri skólans en framangreind tillaga felur í sér auknar kröfur um

rannsóknárangur umsækjenda. Í nógildandi reglum er gerð krafa um 7 rannsóknastig að meðaltali á ári (í þrjú til fimm ár) en í tillögunni er gert ráð fyrir 10 rannsóknastigum úr tilteknum flokkum Matskerfis opinberra háskóla að meðaltali á ári. Þess má geta að meðalfjöldi stiga úr umræddum flokkum á hvern akademískan starfsmann er áætlaður um 15 stig á árunum 2008-2009. Gera má ráð fyrir að nýleg breyting á matskerfi og framgangskerfi háskólans muni leiða til umtalsverðrar fjölgunar stiga úr þessum flokkum.

Önnur skilyrði nógildandi reglna verði óbreytt.

## 5. Breyting á starfsskyldum kennara

Núverandi starfsskyldur lektora, dósentna og prófessora í fullu starfi við Háskóla skiptast í eftirfarandi:

Kennsla	48%
Rannsóknir	40%
Stjórnun	12%

Lögð er til almenn tilfærsla frá stjórnunarskyldu til kennsluskyldu, en jafnframt verði komið lengra en gert hefur verið til móts við þá sem sinna helstu helstu stjórnunarstörfum í námsbrautum, deildum og nefndum skólans. Frá og með 1. júlí 2011 skiptist starfsskyldur lektora, dósentna og prófessora í fullu starfi við Háskóla Íslands þannig:

Kennsla	54%
Rannsóknir	40%
Stjórnun	6%

Hjá þeim sem taka að sér umfangsmikla stjórnun innan fræðasviða og deilda, þ. á m. ýmis nefndarstörf, námsbrautarstjórnun o.s.frv. verður kennsluskylda hinsvegar lækkuð frá því sem að ofan greinir. Regla um aukna kennslu fyrir þá sem sinna litlum rannsóknum er áfram í gildi.

**Þessi skipting er til tveggja ára og verður endurskoðuð eigi síðar en um áramótin 2012 – 2013 einkum með tilliti til þess hvort ekki verði unnt að auka rannsóknaskyldu á kostnað kennsluskyldu.**

## 6. Afnám undanþágu um aukna kennslu vegna rannsóknavirkni undir tilteknum mörkum

Frá og með 1. júlí 2011 verða prófessorar sem eru 55 ára eða eldri ekki lengur undanþegnir ákvæði um aukna kennsluskyldu ef rannsóknavirkni er undir tilteknum mörkum.

**Skýring** Með þessari ákvörðun er búið að samræma grunnstarfsskyldur kennara við HÍ.

## 7. Kennslumálanefnd er falið að gera úttekt á öðru fyrirkomulagi kennslu innan missera

**Skýring:** Kennslumálanefnd háskólaráðs er falið að gera úttekt á kostum þess og göllum að vera með annað fyrirkomulag á skipulagi kennslu á misserum. Kanna skal m.a. hvort það sé góður valkostur að hafa tvær lotur á hvoru misseri um sig þar sem nemendur eru að jafnaði í tveimur námskeiðum samtímis í stað fleiri námskeiða í núverandi kerfi.